

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2002 frá 8. nóvember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 2002/24/EB fellir úr gildi frá 9. nóvember 2003 tilskipun ráðsins 92/61/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/7/EB frá 20. mars 2002 ⁽³⁾ sem er þegar hluti af samningnum skal færð undir sérstakan lið í I. kafla II. viðauka við samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Texti liðar 45f (tilskipun ráðsins 92/61/EBE) falli brott með gildistöku frá 9. nóvember 2003.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 19, 23.1.2003, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 4, 23.1.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 106, 3.5.2000, bls. 1.

2. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 45y (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB):

„45z. **32000 L 0007**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/7/EB frá 20. mars 2000 um hraðamæla fyrir vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum (Stjtið. EB L 106, 3.5.2000, bls. 1).

45za. **32002 L 0024**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE (Stjtið. EB L 142, 9.5.2002, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi við 47. gr.:

„Ísland: ...

„Liechtenstein: ...

Noregur: ...“

- b) Í B-hluta V. viðauka bætist eftirfarandi við mgr. 1.1:

„- IS fyrir Ísland: ...

- FL fyrir Liechtenstein: ...

- 16 fyrir Noreg: ...““

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/24/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

